

**Veðskuldabréfasjóður ÍV
Fagfjárfestasjóður
Ársreikningur
2016**

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um fjárfestingar | 8 |
| Skýringar | 10 |

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - fagfjárfestisjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á árinu 2016 að fjárhæð 58,8 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2016 nam 889,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 30. mars 2017

Í stjórn ÍV sjóða hf.

Kolbeinn Friðriksson
Aruneyri Einarsson
Ingvaldur Magnússon

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.:

Þorunn Þorunn

Áritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina Veðskuldabréfasjóðs ÍV

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veðskuldabréfasjóðs ÍV fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Veðskuldabréfasjóði ÍV. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Veðskuldabréfasjóðs ÍV. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 30. mars 2017

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|--|-------|---------|---------|
| Rekstrarreikningur | | | |
| Tekjur | | | |
| Vextir og verðbætur | | 337.021 | 182.724 |
| Heildartekjur | | 337.021 | 182.724 |
| Gjöld | | | |
| Umsýslupóknun rekstrarfélags | | 32.320 | 32.232 |
| Vörslupóknun | | 1.193 | 724 |
| Aðrar þóknanir | | 7.586 | 2.982 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | 353.564 | 161.818 |
| Önnur gjöld og kostnaður | | 1.958 | 12.599 |
| Heildargjöld | | 396.621 | 210.354 |
| Gengisbreyting eigna, hagnaður | | 118.422 | 28.422 |
| Hagnaður ársins af rekstri | | 58.822 | 792 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign | | | |
| Hrein eign í ársbyrjun | | 830.349 | 829.557 |
| Hrein eign í árslok | 3 | 889.171 | 830.349 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|-------|------------------|------------------|
| Eignir | | | |
| Fjárfestingar | | | |
| Framseljanleg verðbréf | | 6.828.012 | 3.856.186 |
| Hlutdeildarskírteini | | 1.493.841 | 2.398.421 |
| Fjárfestingar samtals | | <u>8.321.853</u> | <u>6.254.607</u> |
| Aðrar eignir | | | |
| Reiðufé | | 324.591 | 80.542 |
| Aðrar eignir samtals | | <u>324.591</u> | <u>80.542</u> |
| Eignir samtals | | <u>8.646.444</u> | <u>6.335.149</u> |
| Skuldir | | | |
| Útgefin skuldabréf | 4 | 7.753.250 | 5.500.457 |
| Skuld við rekstrarfélag | | 2.738 | 2.738 |
| Skuld við vörslufyrirtæki | | 1.193 | 724 |
| Aðrar skuldir | | 93 | 882 |
| Skuldir samtals | | <u>7.757.273</u> | <u>5.504.800</u> |
| Hrein eign | 3 | 889.171 | 830.349 |
| Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina | | 805.800 | |
| Gengi hlutdeildarskírteina í árslok | | <u>1,10</u> | |

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2016

| Veðskuldabréfasjóður ÍV | 31.12.2016 | | 31.12.2015 | |
|--|------------------|----------------------|------------------|----------------------|
| | Markaðs- verð | % af hreinni eign | Markaðs- verð | % af hreinni eign |
| Skuldabréfaeign | | | | |
| Lindarvatn ehf., LIND 16 1 | 408.265 | 4,7% | 404.984 | 6,4% |
| Gullhamrar veitingahús ehf. v/Þjóðhildarstígur 2-6 | 397.590 | 4,6% | 394.921 | 6,2% |
| X 459 ehf. v/Vatnsstíg 11 | 378.488 | 4,4% | 379.632 | 6,0% |
| Kísiliðjan hf. v/Suðurlandsbraut 30 | 352.527 | 4,1% | 351.587 | 5,5% |
| GJ bílahús ehf., v/Vesturhraun 5 | 331.620 | 3,8% | 0 | 0,0% |
| Hótel Valhöll ehf. v/Þingholtsstræti-Seljugerði | 319.940 | 3,7% | 315.568 | 5,0% |
| Hús & Lóðir ehf. v/Urðarhvarf 2 | 308.819 | 3,6% | 307.843 | 4,9% |
| Kaskur ehf. v/Hamraborg 7 | 280.118 | 3,2% | 280.652 | 4,4% |
| LHF ehf., v/Suðurlandsbraut 4a | 274.733 | 3,2% | 0 | 0,0% |
| Stekkur fasteignir ehf., v/Kringlunnar 8-12 | 246.510 | 2,9% | 0 | 0,0% |
| Hvannir ehf., v/Þórunnartún 4 | 181.731 | 2,1% | 0 | 0,0% |
| GG ehf. v/Tryggvagata 15 | 178.946 | 2,1% | 181.186 | 2,9% |
| Hvolur ehf., v/Dufþaksbraut 10A | 175.240 | 2,0% | 0 | 0,0% |
| Kaffihúsið ehf. v/Bergþórugötu 23 | 161.976 | 1,9% | 161.451 | 2,5% |
| Bak Höfn ehf. v/Vesturvör 13 | 160.668 | 1,9% | 159.548 | 2,5% |
| Vellir 15 ehf., v/Töllakór 9-11 | 141.821 | 1,6% | 0 | 0,0% |
| Viðarhöfði ehf., v/Viðarhöfða 3 | 135.612 | 1,6% | 0 | 0,0% |
| Austurhraun 3, v/Austurhrauns 3 | 129.448 | 1,5% | 0 | 0,0% |
| Bílasala Suðurlands ehf. v/Fossnes 14 | 128.374 | 1,5% | 128.046 | 2,0% |
| GO-101 ehf. v/Njarðargötu 29 | 116.263 | 1,3% | 65.820 | 1,0% |
| Ormsvöllur ehf., v/Bíldshöfða 12 | 114.866 | 1,3% | 0 | 0,0% |
| ÞJ13 ehf., v/Hrísateigur o.fl. | 109.795 | 1,3% | 0 | 0,0% |
| Vellir 15 ehf., v/Ásakór 15 | 106.342 | 1,2% | 0 | 0,0% |
| Hótel Selfoss ehf. v/Eyraryvegur 2 | 100.026 | 1,2% | 100.800 | 1,6% |
| Kaupangur fasteignasala ehf., v/Bergstaðastætis 78 | 91.278 | 1,1% | 0 | 0,0% |
| Magnhús ehf. v/Nönnugata 7 | 90.287 | 1,0% | 65.412 | 1,0% |
| Navarana ehf., v/Njálsgötu 19 | 88.947 | 1,0% | 0 | 0,0% |
| SB52 Holding ehf., v/Suðurlandsbraut 48 og 52 | 86.465 | 1,0% | 0 | 0,0% |
| Turninn 800 ehf., v/Eyraryvegs 2 | 85.227 | 1,0% | 0 | 0,0% |
| ROR ehf. v/Laugavegur 86-94, Njarðargata 27 | 84.270 | 1,0% | 67.356 | 1,1% |
| PKP eignarhaldsfélag ehf., v/Smiðjuvegur 9 | 83.635 | 1,0% | 0 | 0,0% |
| 1571 ehf., v/Þrastarness 4 | 81.035 | 0,9% | 0 | 0,0% |
| IV eignir ehf. v/Suðurhólar 8 / Fífusel 35 | 65.416 | 0,8% | 66.119 | 1,0% |
| Mynt og merki ehf., v/Akralindar 5 | 62.052 | 0,7% | 0 | 0,0% |
| Rúgbrauð ehf. v/Borgartún 6 | 65.544 | 0,8% | 65.360 | 1,0% |
| Fasteignafélagið Mottó ehf., v/Grensásvegur 3 | 59.439 | 0,7% | 0 | 0,0% |
| IV eignir ehf. v/Fjarðarsels 27 | 53.197 | 0,6% | 0 | 0,0% |
| Sigurás ehf. v/Fitjabraut 1B | 52.102 | 0,6% | 52.901 | 0,8% |
| Dverghamrar ehf. v/Hvaleyrarbraut 39 | 49.819 | 0,6% | 49.731 | 0,8% |
| Þrengsli ehf. v/Laugavegur 86-94 | 48.812 | 0,6% | 49.579 | 0,8% |
| Dverghamrar ehf. v/Hlíðarsmára 19 | 45.061 | 0,5% | 0 | 0,0% |
| Ganghjól ehf. v/Austurstræti 3 | 41.026 | 0,5% | 41.125 | 0,6% |
| Laugavegur 56 ehf. v/Hverfisgötu 100 | 40.095 | 0,5% | 40.058 | 0,6% |
| Kaffihúsið ehf. v/Njálsgötu 48a | 40.094 | 0,5% | 0 | 0,0% |
| Guðmundur Hafsteinsson ehf. v/Akralind 6 | 39.484 | 0,5% | 39.881 | 0,6% |
| Mal ehf., v/Ármúli 17 | 37.125 | 0,4% | 0 | 0,0% |
| Fóbos ehf. v/Grensásvegs 3 | 36.937 | 0,4% | 36.970 | 0,6% |

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2016 frh.:

| Veðskuldabréfasjóður ÍV frh. | 31.12.2016 | | 31.12.2015 | |
|--|------------------|--------|------------------|-------------------------|
| | Markaðs- verð | eignum | Markaðs- verð | % af heildar- eignum |
| Bankastræti fasteignafélag ehf., v/Bankastræti | 32.223 | 0,4% | 0 | 0,0% |
| Fjárborg eignir ehf., v/Siðumúla 25 | 27.726 | 0,3% | 0 | 0,0% |
| Gullhellir ehf. v/Bildshöfða 18 | 24.953 | 0,3% | 25.063 | 0,4% |
| Skák ehf. v/Melabraut 20 | 24.625 | 0,3% | 24.594 | 0,4% |
| Sogamýri ehf., v/Suðurlandsbrautar 46 | 19.674 | 0,2% | 0 | 0,0% |
| F1 ehf., v/Bolafótur 13 | 19.310 | 0,2% | 0 | 0,0% |
| F1 ehf., v/Iðavalla 3 | 12.435 | 0,1% | 0 | 0,0% |
| Framseljanleg verðbréf, samtals | 6 828.012 | 79,0% | 3.856.186 | 60,9% |
| Hlutdeildarskirteini | | | | |
| ÍV Skammtímasjóður | 1.493.841 | 17,3% | 2.398.421 | 37,9% |
| Heildarverðmæti verðbréfa | 8 321.853 | 96,2% | 6.254.607 | 98,7% |
| Reiðufé | 324.591 | 3,8% | 80.542 | 1,3% |
| Heildareignir | 8.646.444 | 100,0% | 6.335.149 | 100,0% |

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - fagfjárfestisjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af ÍV sjóðum hf. sem er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi móðurfélagsins vegna eðlis starfseminnar.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2017. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

c. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir ÍV sjóðum hf. 0,4% umsýsluþóknun sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af skuldbundnu framlagi sjóðfélaga.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu. Kostnaður vegna endurskoðunar er greiddur af ÍV sjóðum hf.

d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaði í árslok 2016.

e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteign. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

g. Skattamál

Fagfjárfestisjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinunum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skýringar frh.:

3. Hlutdeildarskírteini

Nafn - og raunávöxtun sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV í árslok 2016

| | Síðustu 3 mánuði | Síðustu 6 mánuði | Síðustu 12 mánuði | Árið 2015 |
|--|---------------------|---------------------|----------------------|-------------------|
| Nafnávöxtun | | | | |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | 2,02% | 4,88% | 8,70% | (0,10%) |
| Raunávöxtun | | | | |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | 1,55% | 4,18% | 6,47% | (2,24%) |
| Yfirlit um bókfært verðmæti | | 31.12.2016 | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | | 889.171 | 830.349 | 829.557 |
| Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina. | | | | |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | | 1,10 | 1,03 | 1,03 |

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

| | Eign | Eign | Breyting | Fjárfestingarstefna | |
|---|------------|------------|----------|---------------------|--------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 | | Lágmark | Hámark |
| | % | % | | % | % |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | | | | | |
| Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði | 73 | 45 | 28 | 80 | 100 |
| Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði | 6 | 3 | 3 | 0 | 20 |
| Einstakur útgefandi | 5 | 5 | 0 | 0 | 20 |
| Einstök útgáfa | 5 | 5 | 0 | 0 | 10 |
| Reiðufé | 4 | 1 | 3 | | |

Við útreikning á hlutfallslegri skiptingu eigna sjóðsins þá er notað til grundvallar hvort sem hærra reynist heildareignir sjóðsins eða áskriftarskuldbindingar.

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting

| Veðskuldabréfasjóður ÍV | kr. | % |
|--------------------------------|-----------|-----|
| Framseljanleg skuldabréf | 6.828.012 | 79 |
| Hlutdeildarskírteini | 1.493.841 | 17 |
| Reiðufé | 324.591 | 4 |
| Heildareignir | 8.646.444 | 100 |

4. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur meðal annars út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum. Gjaldtagi höfuðstóls bréfanna er 1. maí 2044.

| Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru: | Bókfært verð 31.12.2016 |
|------------------------------------|----------------------------|
| Verðtrygð lán | 7.753.250 |

Skýringar frh.:

5. Fjárfestingartímabil sjóðsins

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 26. febrúar 2017. Eins og reglur sjóðsins tilgreina hafa ekki verið teknar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar eftir það. Hreinn Þór Hauksson hætti störfum sem sjóðstjóri í kjölfar loka fjárfestingartímabils. Við sjóðstjórn tóku Andrés Ívarsson og Helga Björg Ingvadóttir, starfsmenn ÍV sjóða. Vísað er til heimasíðu sjóðsins www.viv.is og heimasíðu Íslenskra verðbréfa www.iv.is fyrir nánari upplýsingar.

6. Breyting á aðilum í fjárfestingaráði sjóðsins

Breytingar hafa orðið á fjárfestingaráði sjóðsins. Í því sitja nú fyrir hönd fjárfesta: Björn Hjaltested Gunnarsson - Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Friðrik Nikulásson - Lífeyrissjóður verslunarmanna og Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir - Birta lífeyrissjóður. Vísað er til heimasíðu sjóðsins www.viv.is fyrir nánari upplýsingar